

Sp.

279. Svar

[71. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Salome Porkelsdóttur um sveigjanlegan vinnutíma.

Í fyrirspurninni er spurst fyrir um hvort boðið sé upp á sveigjanlegan vinnutíma í stofnunum og fyrirtækjum ríkisins, um upplýsingar um hvers vegna starfsmenn notfæri sér sveigjanlegan vinnutíma og um þann fjölda karla og kvenna í hverri stofnun og fyrirtæki sem notfæri sér sveigjanlegan vinnutíma.

Ekki liggur fyrir nein heildarmynd af því hve algengt sé að sveigjanlegur vinnutími sé í ríkisstofnunum. Skráning vinnutíma fer fram í hverri stofnun fyrir sig og er með mismunandi hætti.

Meiri hluti starfsmanna ríkisstofnana eru í störfum sem eru þess eðlis að ekki er unnt að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma. Dæmi um það eru skólar þar sem föst stundaskrá bindur skipulag vinnutíma til hálfis eða heils árs í senn. Að einhverju leyti mun við gerð stundaskrár vera tekið tillit til óska kennara um vinnutíma en um sveigjanlegan vinnutíma í þeim skilningi, sem almennt er lagður í það hugtak, er varla að ræða í þessum tilvikum. Fjölmargar aðrar ríkisstofnanir eru bundnar starfsskipulagi sem gerir sveigjanlegan vinnutíma nær útilokaðan nema fyrir takmarkaðan hluta starfsmanna. Slíkar stofnanir eru t. d. sjúkrahús og aðrar stofnanir þar sem sinna þarf viðfangsefnum á vöktum allan sólarhringinn, svo og stofnanir sem hafa með höndum þjónustu- og afgreiðsluhlutverk sem bundin eru við tiltekinn hluta sólarhringsins.

Ljóst er því að starfshættir og starfsskipulag ríkisstofnana er með þeim hætti að sveigjanlegum vinnutíma verður ekki komið við nema í hluta þessara stofnana eða eingöngu fyrir hluta starfsfólksins. Er þar einkum um að ræða þann hluta starfsfólks sem vinnur á skrifstofum eða í öðrum störfum sem ekki tengjast vaktavinnu eða bundnum afgreiðslu- og þjónustutíma.

Leitað var til nokkurra stórra ríkisstofnana og þær beðnar um svör við spurningum sem fram komu í fyrirspurninni. Svör bárust frá öllum þessum stofnunum. Samandregið yfirlit yfir helstu atriðin, sem fram komu í svörum þessum, fer hér á eftir:

Stjórnarráðið. Boðið var upp á sveigjanlegan vinnutíma. Nýting þessa kosts varð aldrei almenn en nokkuð um að starfsmenn kysu að hefja vinnu að staðaldri kl. 8 í stað 8.45. Nú er vinnutími að sumri frá 8.00–16.15 en á veturnum frá 8.45–17.00. Frávik frá þessum tíma eru háð samningum einstakra starfsmanna við yfirmenn.

Háskóli Íslands. Frávik veitt frá hefðbundnum vinnutíma sé þess óskað. Persónulegar ástæður virðast ráða óskum. Óverulegur hluti starfsmanna notar sér frávik þessi.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma. Ástæður breytilegar og fara eftir óskum starfsmanna. Ekki upplýst um fjölda.

Ríkismat sjávarafurða. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði. Boðið er upp á sveigjanlegan tíma en það notað í óverulegum mæli.

Skattstofan í Reykjavík. Veitt eru einstaklingsbundin frávik frá reglubundnum vinnutíma. Lítið notað en ræðst þá af persónulegum aðstæðum.

Tollstjórinn í Reykjavík. Ekki boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Vegagerð ríkisins. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma á skrifstofu stofnunarinnar. Minni hluti starfsmanna notfærir sér sveigjanlegan vinnutíma og virðist það ráðast af persónulegum aðstæðum hvers og eins.

Flugmálastjórn. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma, hins vegar er vinnutími að sumri frá kl. 8.00 en á veturna frá kl. 9.00 að morgni.

Orkustofnun. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma en ekki upplýst um hversu mikil brögð eru að því að starfsmenn notfæri sér hann né um ástæður til þess.

Ríkisútvarpið. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Vaktavinna er algeng í stofnuninni.

Tryggingastofnun ríkisins. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og varla talið unnt vegna verkefna stofnunarinnar.

Póst- og símamálastofnunin. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Tilraun með slíkt frá 1982 gaf fremur neikvæða niðurstöðu.

Rarik. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Ríkisspítalar. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma á skrifstofu ríkisspítala og notfæra starfsmenn sér þann möguleika.

Eins og fram kemur í svörum frá stofnununum er sveigjanleiki vinnutímans fyrst og fremst fólgin í því að starfsmenn geta innan vissra marka valið um hvenær vinnutími hefst að morgni. Yfirleitt er það á tímabilinu frá klukkan 8.00–9.00. Langoftast er starfsmönnum þó gert að skila fullum vinnudegi, þ. e. 8 stundum dag hvern, en í einstaka tilvikum leyfist tilfærsla milli daga og jafnvel vikna.